

18 JULI 2008
54.22

Teikn á lofti ehf
Halldór Jóhannsson
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. júlí 2008
Tilvísun: UST20080400136/ksj

Umhverfismat Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026, greinargerð til umsagnar.

Vísað er til erindis frá Teikn á lofti ehf er barst þann 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfismat tillögu að Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrsluna.

Kynning og samráð umhverfismatsins

Í umfjöllun um samráð kemur fram að unnið hefur verið að umhverfismatinu í samstarfi við sveitastjórn Vopnafjarðarhrepps og að haft hafi verið samráð við ýmsa aðila og það verið kynnt þeim sem hafa hagsmuna að gæta. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram listi yfir þá sem haft hefur verið samráð við og hvernig kynningu umhverfismatsins hefur verið háttáð. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana skal sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar kynna almenningi tillögu að áætluninni ásamt umhverfisskýrslu.

Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

Í umhverfismati stefnumiða fyrir samgöngur í Vopnafjarðarhreppi er mat á umhverfisáhrifum mjög almenns eðlis og þar er vísað í að „Áhrif sömu stefnumiða á náttúrufar er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum“ eins og fram kemur í umhverfisskýrslunni. Hér þyrfti að koma fram rökstuðningur fyrir vali á staðsetningu vega og umhverfisáhrif væntanlegra framkvæmda. Einnig kemur fram í umhverfisskýrslunni að „Þó er mjög hætt við neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á ýmsa þætti náttúrufars svæðisins, t.d. ósnert eða sérstætt landslag, fornleifar, náttúruminjar, rask gróðurlenda og mýrarfláka eða breytta ásýnd.“ Hér þyrfti að koma fram hver þessi neikvæðu áhrif eru og hvort verið sé að skipuleggja framkvæmdir inn á svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig kemur fram að „Áhrif stefnumiða fyrir samgöngur í Vopnafjarðarhreppi geta haft jákvæð áhrif á náttúrufar, t.d. með minni mengun vegna útblásturs á yfirferðarléttari vegum, styttri

vegalengdir...“ Hér þyrfti að koma fram rökstuðningur fyrir framangreindar fullyrðingar, hvar verði styttri vegalengdir, hvar og hvers vegna verði minni hávaða- og rykmengun osfrv.

Umhverfismat stefnumiða fyrir Hellisheiðargöng

Fram kemur í umhverfismati aðalskipulags um göng undir Hellisheiði að tillaga aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 um staðsetningu ganganna muni stytta vegalengdina frá Vopnafirði til Egilsstaða um 8 km miðað við núverandi sumarveg og um 51 km miðað við heilsársveg um Háreksstaðaleið. Síðan er umfjöllun almenns eðlis um áhrif á heilsu og öryggi, sem eru jákvæð þar sem þjóðleið mun styttest og verða öruggari. Síðan kemur fram að umhverfisáhrif á náttúruferðir muni óhjákvæmilega verða neikvæð á framkvæmdatíma á landnotkun, landbúnað, útivist, menningarminjar, jarðmyndanir, gróður, fugla og landslag á áhrifasvæði vegagerðar, án þess að það sé skýrt nánar. Hér þyrfti að koma fram hvernig og á hvaða hátt þau neikvæðu umhverfisáhrif muni verða. Einnig þyrfti að koma fram staðháttalýsing og hvort neikvæð áhrif verði á svæði sem njóta sérstakrar verndar vegna náttúruferðar og falla undir 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um umhverfisáhrif vegna væntanlegra framkvæmda við Hellisheiðargöng afar almenn og telur stofnunin að gera eigi betur grein fyrir umhverfisáhrifum valkosta í umhverfisskýrslu.

Umhverfismat stefnumiða fyrir hafnarsvæði

Í umhverfismati stefnumiða fyrir hafnarsvæði kemur fram að mælt er til þess í aðalskipulaginu að mest mengandi fyrirtækin setji upp hreinsibúnað fyrir skólp/frárennsli og að eftirfylgni með slíkri kröfu gæti reynst nauðsynleg. Hér ætti að vísa til reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Reglugerðin hefur stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í sama kafla kemur fram að fyrirhugað er að lengja viðlegukant og fylla upp að Ásgarðsbryggju. Alls mun sú landfylling verða 0,9 ha samkvæmt viðbótarupplýsingum frá Teikn á lofti ehf. Sú lenging og uppfylling mun auka landrými fyrir hafnsækna starfsemi svo sem fiskimjölsværsmiðju, frystigeymslu, netaverkstæði o.fl. Efni í landfyllingar er ráðgert að fá frá öðrum framkvæmdum á svæðinu sem þurfa að losna við efni, svo efnistaka úr efnisnámum er eingöngu áætluð fyrir yfirborðsefni. Einnig kemur fram að ráðgerðar eru landfyllingar milli hafnargarðsins Innrigarðs og garðsins sem afmarkar smábátahöfnina. Sú landfylling mun verða alls 2,8 ha samkvæmt viðbótarupplýsingum frá Teikn á lofti ehf. Einnig er áætlað að gera landfyllingu vegna veggtekingu þvert yfir smábátahöfnina og verður sú fylling alls 0,3 ha.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, þar sem efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki um lengri eða skemmri tíma, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfismat stefnumiða um stækkun loðnubræðslu

Í umhverfismati stefnumiða um stækkun loðnubræðslu á hafnarsvæðinu í allt að 2 þúsund

tonn, skortir upplýsingar um það hversu mikil aukningin er. Samkvæmt heilbrigðiseftirliti Austurlands er nú þegar starfsleyfi fyrir 650 tonna loðnubræðslu á sólarhring. Miðað við þær upplýsingar er aukningin á framleiðslugetu því allt að 1.350 tonn. Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er listi yfir framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Á listanum kemur fram að fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri eru alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umfjöllun um umhverfismat stefnumiða um stækkun loðnubræðslu kemur fram að hætta sé á sjónmengun og lyktarmengun frá verksmiðjunni og því sé mikilvægt að íbúar samfélagsins séu hafðir með í ráðum á öllum hönnunarstigum svo niðurstaðan verði í sátt við ímynd bæjarins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að einnig sé haft samráð við almenning við gerð skipulagstillögunnar sjálfar, þar sem í henni er mörkuð stefna um stækkun loðnubræðslunnar.

Umhverfismat stefnumiða um stækkun loðnubræðslu þyrftu betri og nákvæmari umfjöllun í skýrslunni. Fara þyrfti yfir fráveitumál og lausn þeirra. Gera þyrfti grein fyrir umfangi væntanlegra framkvæmda. Einnig þyrfti að fjalla um lyktarmengun og mótvægisáðgerðir vegna þeirra í umhverfismati aðalskipulagsins og einnig áhrif á ásýnd hafnarinnar sem væntanleg verksmiðja myndi hafa.


Umhverfismat stefnumiða um efnistökusvæði – efnislosun


Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að núverandi opin og nytjuð efnistökusvæði eru 5 talsins og að áætluð efnistaka úr þeim er 3 – 5000 rúmmetrar á ári. Fram kemur í matsskýrslu að vegna framkvæmda við Norðausturveg hafa verið afmarkaðar 64 mögulegar efnisnámur við fyrirhugaðar veglínur á Norðausturvegi til Vopnafjarðar.

Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistökusvæði sem almennt eru í notkun og eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins eiga erindi inn á aðalskipulag og eru háð framkvæmdaleyfi nema námur sem flokkast undir 47. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en það eru námur þar sem eiganda eða umráðamanni eignarlands er „heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða (jarðmyndanir eða vistkerfi) sem njóta verndar skv. 37. gr.“ Í slíkum tilvikum telur Umhverfisstofnun að efnistaka nemi einungis fáeinum vörubílshlössum á ári á hverjum stað og því sé einungis átt við það efni sem eigandi eða umráðamaður nýtir á eigin landi í tengslum við það sem telja má hefðbundna starfsemi á viðkomandi jörð. Umhverfisstofnun telur ástæðulaust að setja slíkar námur inn á aðalskipulag.

Umhverfisstofnun tekur fram að í ofangreindri umsögn er eingöngu fjallað um umhverfismat aðalskipulags Vopnafjarðar 2006 – 2026 en ekki tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðar í heild sinni.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri